

verðbréfa- markaður	lánamarkaður
lífeyris- markaður	vátrygginga- markaður

Reikningsskil í erlendri mynt

Umfjöllun og hugsanleg áhrif

fme

Febrúar 2007

Reikningsskil í erlendri mynt - Umfjöllun og hugsanleg áhrif -

1. Inngangur

Í framhaldi af heimild Straums – Burðaráss hf. til að breyta uppgjörsmynt í reikningsskilum sínum úr íslenskum krónum í evrur og umræðu um möguleg áform annarra banka um að gera slíkt hið sama hafa vaknað spurningar um áhrif slíkra skipulagsbreytinga. Þær kynnu að hafa áhrif á heilbrigðan og traustan rekstur bankanna og þar með eftirlit Fjármálaeftirlitssins.

Hér á eftir verður fjallað nánar um eftirfarandi þætti: Reikningsskil, skráningu hlutabréfa á kauphöll og greiðsluuppgjör í kauphallarviðskiptum, lagaákvæði sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, umfang erlendra starfsemi banka hérlandis og nágrannalöndunum, gjaldeyrisjöfnuð, eiginfjárstöðu og gengi krónunnar.

2. Sjónarmið að baki heimild félaga til að gera upp í erlendri mynt

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 25/2002 um breytingu á lögum um ársreikninga kom fram að vegna vaxandi alþjóðavæðingar hafi þær raddir orðið æ háværar hér á landi sem óskuðu eftir því að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, enda starfi íslensk fyrirtæki í vaxandi mæli á alþjóðamarkaði.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd haustið 2000 til að endurskoða lög um ársreikninga og bókhald. Eitt af meginverkefnum nefndarinnar var að kanna möguleika á því að heimila færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Nefndin vann áfangaskýrslu um málið þar sem lagt var til að ákveðnum félögum yrði veitt slík heimild.

Í skýrslunni komu fram ýmis rök fyrir því að veita félögum heimild til færslu bókhalds og gerð ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Helstu rökin voru eftirfarandi:

1. Fjárhagslegur samanburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari.
2. Sveiflur í afkomu félagsins vegna gengisbreytinga verða minni.
3. Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna.
4. Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi.
5. Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

3. Laga- og regluumhverfi

3.1. Lög um ársreikninga nr. 3/2006

Samkvæmt 8. gr. laga um ársreikninga nr.3/2006 er það ársreikningaskrá sem veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Til að geta sótt um slíka heimild þarf viðkomandi fyrirtæki að uppfylla eitt eða

fleiri skilyrði sem talin eru upp í fjórum töluliðum í 8. gr. fyrrgreindra laga, en hún hljóðar svo:

“Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög, sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða, geta sótt um slíka heimild:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.

2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.

3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.

4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í. Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.”

Í greinargerð með frumvarpi til laga um ársreikninga kemur fram að við mat ársreikningaskrár á því hvað teljist til meginstarfsemi skuli líta til þess hvort meginhluti tekna og gjalda félags og skulda og fjárfestingarkostnaðar sé í erlendum gjaldmiðli. Þá er mikilvægt að félög sem hafa meginstarfsemi sína hérlandis geti sýnt fram á veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil til þess að heimild verði veitt. Ef viðskipti félags eru í fleiri en einum erlendum gjaldmiðli en samanlögð viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umtalsverð þannig að ljóst sé að íslenska krónan teljist ekki vera starfrækslugjaldmiðill getur ársreikningaskrá veitt heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í þeim erlenda gjaldmiðli sem vegur þyngst í rekstri félagsins. Sá gjaldmiðill sem óskað er eftir til færslu bókhalds verður að vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka viðkomandi félags hér á landi. Þá skal við mat á viðskiptum líta til viðskiptaumhverfis, tekna, gjalda, eigna og skulda félagsins.

Ráðherra hefur sett reglugerð um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli nr. 101/2007.

Eftirfarandi skilyrði heimildar er að finna í 2. gr. reglugerðinnar:

“Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli sbr. 8. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill skv. 3. gr. Heimildin nær til félaga sem ber að semja ársreikninga sína samkvæmt lögum nr. 3/2006.

Félög, sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða, geta sótt um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum starfrækslugjaldmiðli:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis í gjaldmiðli sem er annar en íslensk króna eða eru hluti erlendar samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög í gjaldmiðli sem er annar en íslensk króna.
3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í gjaldmiðli sem er annar en íslensk króna.
4. Félög sem fara fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 3/2006 og hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda vegi viðkomandi fjárfestingar og skuldir verulega í rekstri félags.”

Í 3. gr. reglugerðarinnar er að finna skilgreiningu á starfrækslugjaldmiðli er segir að það sé sá gjaldmiðill “sem vegur hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum félags eða samstæðu og meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í.”

Í 9. gr. ársreikningalaga og 4. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um ferli við umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli og mögulega afturköllun þeirrar heimildar.

3.2. IFRS staðlar

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skulu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS), hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, þar sem bókunin er lögfest. VIII. kafli (88. – 95. gr.) laganna, sem tók gildi frá og með ársbyjun 2005, fjallar nánar um gildissvið kaflans og skyldur og heimildir félaga til að beita IFRS.

Í greinargerð með breytingum á lögum um ársreikninga segir m.a. að markmið tilskipunarinnar um IFRS sé þríþætt:

1. Að afnema þau ákvæði tilskipana sem stangast á við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla,
2. að tryggja að allir valkostir reikningsskila sem tiltækir eru samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum séu til staðar fyrir félög sem ber að halda áfram að fara eftir lögum um ársreikninga í hverju aðildarríki og
3. að færa undirstöðuatriði formgerðar ársreikningslaga til nútímahorfs þannig að rammi reikningsskila veiti hvort tveggja samræmi við nútímaframkvæmd reikningsskila og nægjanlegan sveigjanleika til að leyfa frekari þróun þeirra.

Í 93. gr. laga nr. 3/2006 segir:

“Félag, sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýtir sér heimild 92. gr., skal fylgja þeim að öllu leyti. Þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og ákvæði annarra kafla laga þessara mæla fyrir um sama atriði ganga alþjóðlegir reikningsskilastaðlar framár”.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, gilda önnur ákvæði laga þessara.”

Í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, kemur fram að eigi síðar en frá upphafi árs 2007 ber þeim aðilum, sem skylt er eða nýtt hafa sér heimild til þess að gera upp samkvæmt IFRS, að beita IFRS fyrir bæði félög og samstæður.

Samkvæmt framansögðu virðast ákvæði IFRS ganga framar ákvæðum 8. gr. laga nr. 3/2006 fyrir félög sem skyld eru til að beita stöðlunum eða hafa nýtt sér heimild til þess. Þetta á m.a. við um öll félög sem fengið hafa hlutabréf eða skuldabréf sín skráð í Kauphöll Íslands hf.

Um uppgjörsmýnt gildir IAS 21 fyrir þau fyrirtæki sem nota IFRS, en þar er talað um “Functional currency” sem fyrirtæki eiga að skilgreina hvert fyrir sig og ber síðan að nota við skráningu í bókhald. Ef fyrirtæki kjósa að birta ársreikninga í annarri mynt en “Functional currency”¹ þá er það skilgreint sem “Presentation currency”.

Í inngangi staðalsins kemur fram að fyrirtæki sem fylgja IFRS í uppgjörum sínum hafa ekki frjálst val um “functional currency” en verða að nota þá mynt sem af staðli 21 leiðir (sjá grein 9 – 14 í IAS 21). Hinsvegar er fyrirtækjum frjálst að nota hvaða “presentation currency” sem þau kjósa. Ef fleiri en ein mynt kemur til greina sem “functional currency” er það í höndum viðkomandi fyrirtækis að velja þá mynt sem gefur besta mynd af stöðu fyrirtækisins.

Meginreglan sem fram kemur í staðli 21 (grein 9) þar sem fjallað er um ákvörðun á “functional currency” er að nota þá mynt þar sem meginhluti (e. primarily) gjalda og tekna fer fram í. Það er sú mynt:

- sem aðallega hefur áhrif á verð vöru og þjónustu (sölumynt)
- þess lands hvers samkeppnisáhrif og regluhverfi aðallega hafa áhrif á söluverð
- sem aðallega hefur áhrif á vinnuafli, hráefni og annan kostnað við að afla tekna.

Gefi ofangreint ekki nægjanlega skýra mynd má líta til eftirfarandi atriða (grein 10):

- mynt sem fjármögnun fyrirtækis er í
- mynt sem tekjur af reglulegri starfsemi er varðveitt í (e. retained)

¹ Functional currency er sú mynt sem notuð er í bókhaldi viðkomandi félags á meðan presentation currency er sú mynt sem fyrirtæki geta þýtt ársreikninga sína yfir í þegar þeir eru að kynna þá erlendis.

Þessu til viðbótar eru tiltekin atriði sem líta má til vegna erlendrar starfsemi og hvort “functional currency” erlendu starfseminnar sé sú sama og móðurfélagsins (reporting entity) (grein 11):

- er rekstur erlendu starfseminnar einungis framlenging á starfssemi móðurfélagsins eða er erlenda starfsemin verulega sjálfstæð frá móðurfélaginu
- eru viðskipti erlendu starfseminnar við móðurfélagið hátt eða lágt hlutfall af rekstri erlendu starfseminnar
- hefur stjórðsstreymi erlendu starfseminnar bein áhrif á stjórðsstreymi móðurfélagsins og er laust fé erlendu starfseminnar auðveldlega til ráðstöfunnar fyrir móðurfélagið
- nægir laust fé erlendu starfseminnar til að standa undir núverandi og hefðbundnum skuldum starfseminnar án þess að til þurfi að koma greiðslur frá móðurfélaginu

Í viðauka 1 er samantekt á ákvæðum IAS 21.

3.2. Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Til samræmis við lög um ársreikninga kom inn í 4. og 5. mgr. 1. gr. hlutafélagalaganna ákvæði er kveða á um það að hlutafélög sem hafa fengið samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði megi ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög sem fengið hafa heimild ársreikningsskrár til færslu og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Einnig er kveðið á um í hvaða erlendum gjaldmiðlum hlutaféð má vera skráð. Þá vísast til 5. mgr. 1. gr. fyrrgreindra laga varðandi umreikning í annan gjaldmiðil og hvernig að því skuli staðið.

Í greinargerð með breytingum á lögum um hlutafélög segir hvað varðar heimild félaga til að skrá hlutafé sitt í erlendri mynt að breytingar hér á landi, m.a. á löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög, eru taldar geta aukið samkeppnishæfni íslenskra félaga gagnvart fyrirtækjum í evrulöndunum og öðrum ESB-löndum en búast má við að í þeim ESB-löndum, sem eru utan evrusvæðisins, verði unnt að færa ársreikninga í evrum og jafnframt tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Jafnframt eru breytingarnar taldar geta komið í veg fyrir vissar hindranir á starfsemi fyrirtækja hér á landi og þar með laðað að fjárfestingu erlendra aðila. Auðveldara getur verið fyrir erlenda fjárfesta að meta félög á Íslandi vegna fyrirhugaðra fjárfestinga í þeim. Þá geta líkurnar á því aukist að alþjóðafyrirtæki, sem vinna á grundvelli evrunnar, fjárfesti hér á landi með því að stofna dótturfyrirtæki á Íslandi án þess að breyta um gjaldmiðil. Auðveldara getur orðið fyrir íslensk félög að afla fjár á hinu stóra evrusvæði eða frá öðrum ESB-löndum. Félögin geta jafnvel fengið ódýrara fjármagn. Ná má m.a. í fjármagn með útgáfu verðbréfa á þeim markaði og lán frá erlendum aðilum sem geta á einfaldari hátt metið stöðu félaganna. Loks gætu breytingarnar jafnvel greitt fyrir fjárfestingu íslenskra félaga í útlöndum.

3.3. Staðan í nágrannaríkjunum

3.3.1. Danmörk

Samkvæmt dönsku lögunum er lagt að jöfnu að færa bókhald í dönskum krónum og evrum. Afla þarf heimildar hjá danska fjármálaeftirlitinu ef semja skal ársreikning banka í öðrum gjaldmiðli en þessum tveimur, sbr. 192. gr. Financial Business Act. Hún hljóðar svo:

“Recognition, measurement and disclosure in monetary units shall be denominated in Danish kroner (DKK) or in euro (EUR). The Danish FSA may, in regulations issued pursuant to section 196 stipulate that these amounts shall be stated in other foreign currencies relevant to the undertaking or group, respectively.”

Þegar leitað var eftir því hvort danska fjármálaeftirlitið hefði sett reglur er heimiluðu uppgjör í öðrum myntum en danskri krónu eða evru, fengust þau svör að einungis hafi verið settar reglur um verðbréfasjóði sem heimili sjóðunum að gera upp í hvaða erlendri mynt sem er. Ekki hafi þótt ástæða til þess að setja reglur er næðu yfir önnur fyrirtæki, t.a.m. fjármálafyrirtæki.

3.3.2. Noregur:

Staðan í Noregi er sú að lagt hefur verið til að bankar og fjármálafyrirtæki geti notað IFRS tilskipunina frá og með 2007, en þessi tillaga er nú til umræðu í Noregi og því ekki verið tekin endanlega ákvörðun. Þangað til endanleg ákvörðun verður tekin í Noregi verða bankar og fjármálafyrirtæki að nota norskar krónur í ársreikningi fyrir einstök félög. Heimilt er að beita IFRS reglum fyrir félagasamstæður (skylda fyrir skráð félög í kauphöll) en samkvæmt þeim er mögulegt að uppfylltum tilteknum skilyrðum að nota annan gjaldmiðil en heimamynt.

Í umfjöllun norska fjármálaeftirlitsins um tillögur að breytingum á reglum um ársreikninga banka og annarra fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga 31. október 2005 kemur fram sú skoðun eftirlitsins að reikningsskil þessara félaga ættu áfram að vera í norskum krónum. Fyrir þessu álitu voru færð þau rök að fyrirhöfn væri að því að stemma af opinber reikningsskil í erlendri mynt við skýrsluskil sömu félaga til eftirlitsins í norskum krónum og að samanburður milli félaga sem gerðu upp í mismunandi gjaldmiðlum yrði erfiðari.

3.3.3. Svíþjóð:

Fyrirspurnum var beint til sænska fjármálaeftirlitsins líkt og hinna og það beðið um upplýsingar um lagagrundvöllinn og hvernig uppgjör í erlendri mynt væri háttað hjá þeim, m.a. hjá fjármálafyrirtækjum. Svör þeirra voru eftirfarandi:

“Several Swedish acts regulate that companies and the Swedish branches of foreign companies can use the Euro as accounting currency instead of SEK. If they do so they have to express their share capital in Euro as well. A company that uses Euro in its accounting shall use SEK in their tax return.

Financial companies have separate requirements in addition to the general regulation. They shall draw up a statement of the consequences of the change of currency for the company and the group. There are also specific capital adequacy requirements. Insurance companies have specific requirements as well.

The Swedish government proposed in 2000 to allow other currencies as a second step after further analysing accounting and business issues. One important such issue is the impact on the taxation assessment. These analyses are not yet done, and that is the reason why we do not allow other currencies in the annual accounts. Companies that are applying the IFRS-regulation can, in their consolidated accounts, use other reporting currencies according to IAS 21. (In Sweden the IFRS-regulation is not allowed for companies annual accounts)."

Með sérstökum ákvæðum um eigið fé fyrir fjármálafyrirtæki og váttryggingarfélög sem tilgreind eru í oangreindu svari er vísað til sérstakra eiginfjárreglna fyrir banka og gjaldþolsreglna fyrir váttryggingarfélög í samræmi við tilskipanir ESB, sem eru frábrugðnar ákvæðum reikningsskilareglna.

3.3.4. Bretland:

Samkvæmt upplýsingum frá Bretlandi eru ákvæði ársreikningareglna fyrir einstök félög í meginatriðum þau sömu samkvæmt alþjóða reikningsskilastöðlum (IFRS).

3.3.5. Samantekt um reglur sem gilda í öðrum löndum.

Draga má framangreinda umfjöllun um reglur í öðrum löndum saman með eftirfarandi hætti:

- Samstæðureikningsskil: IFRS staðlar gilda um færslu í annarri mynt en heimamynt í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi enda séu skilyrði staðlanna uppfyllt um það efni. Í Danmörku er heimilt að nota evru auk danskra króna en heimilt er að ákveða með reglugerð, sem ekki hefur verið sett, að nota aðrar myntir.
-
- Reikningsskil einstakra félaga: Í Bretlandi er heimilt að semja reikningsskil í öðrum myntum en breskum pundum í samræmi við reglur sem í meginatriðum eru í samræmi við IFRS staðla. Í Svíþjóð og Danmörku er heimilt að nota evru auk heimamynntar fyrir einstök félög, og í Svíþjóð er í athugun að víkka reglur varðandi notkun annarra mynta. Í Noregi er í athugun að leyfa félögum að gera upp í erlendri mynt. Í Danmörku er heimilt að kveða á um það í reglugerð að reikningsskil banka séu í annarri mynt en dönskum krónum eða evrum en slík reglugerð hefur ekki verið sett.

4. Skattalegar afleiðingar bókhalds og ársreikninga í erlendri mynt

Nefnd fjármálaráðherra tók til sérstakrar skoðunar hvort heimila ætti félögum, sem fengið hefðu heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, að gera skattskil í þeim gjaldmiðli. Ekki var unnt að leita í smiðju nágrannaríkjanna í þessu efni, þar sem ekkert þeirra hafði þá heimilað skattskil í erlendum gjaldmiðli.

Athugun nefndarinnar leiddi fljótlega í ljós að verulegur munur getur orðið á tekjuskattsstofni eftir því hvort hann byggist á reikningsskilum sem gerð eru í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðli. Gengishreyfingar erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni valda því að ýmsar fjárhæðir í rekstrarreikningi, svo sem afskriftir, söluhagnaður eða sölutap eigna geta orðið allt aðrar fjárhæðir í skattframtali sem byggt er á bókhaldi og reikningsskilum í

erlendum gjaldmiðli en ef það væri í íslenskum krónum. Skattstofnar verða mismunandi, hvort heldur um er að ræða stofna til tekjuskatts, eignarskatts, virðisaukaskatts, tryggingagjalds eða fleiri skatta og gjalda.

Þannig gætu tvö íslensk félög í sams konar rekstri með sömu afkomu í íslenskum krónum því skilað gjörólíkum skattstofnum ef annað félagið skilaði skattframtali í erlendum gjaldmiðli en hitt ekki. Mismunurinn getur verið bæði til lækkunar eða hækkunar, allt eftir hvernig gengi krónunnar hefur þróast gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Skattaleg staða félaganna tveggja yrði því innbyrðis ólík og við það skapast ákveðin mismunun milli fyrirtækja sem að öðru leyti búa við sömu skilyrði.

Af ástæðum þeim sem hér hafa verið raktar var því í frumvarpinu lagt til að félögum sem eru með skattskylda starfsemi hér á landi verði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, en skattstofnar verði áfram tilteknir í íslenskum krónum. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá nágrannalöndunum er áhersla lögð á að skattskil séu í heimamynt þó reikningsskil séu í erlendri mynt.

5. Skráning hlutabréfa í Kauphöll

Í árslok 2006 voru 11 af 25 skráðum félögum í Kauphöll Íslands með reikningsskil í erlendri mynt (4 í evrum, 3 í bandaríkjadólar, 2 í breskum pundum, 1 í dönskum kónum. og 1 í sænskum krónum.). Nær öll þessi fyrirtæki skrá hlutabréfin í íslenskum krónum. Ástæðan er sú að skráning verðbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og greiðsluuppgjör hér á landi fer fram í krónum hjá Seðlabanka Íslands.

Eitt erlent félag, Atlantic Petroleum, skráir hlutabréfin í dönskum krónum og fer verðbréfaskráning og greiðsluuppgjör fram í Danmörku. Sama á við um skuldabréf færeysku landsstjórnarinnar sem skráð eru á Kauphöll Íslands í dönskum krónum.

Skráning og viðskipti með verðbréf í kauphöll felur í raun í sér þrjá meginþætti sem geta verið með mismunandi hætt hvað varðar íslenskar kónur. og erlenda mynt. Í fyrsta lagi er um að ræða skráningu og verðmyndun í kauphöll, í öðru lagi skráningu á eignarhaldi og breytingu á því hjá verðbréfaskráningu og í þriðja lagi greiðsluuppgjör samkvæmt fyrirmælum frá verðbréfaskráningu.

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöll Íslands er skráningarkerfi kauphallarinnar engin hindrun fyrir skráningu verðbréfa í erlendri mynt enda hafi þau heimild til þess að semja ársreikninga í erlendri mynt. Skráning á eignarhaldi hjá Verðbréfaskráningu getur hins vegar eingöngu farið fram í íslenskum krónum og á sama við um greiðsluuppgjör í Seðlabanka Íslands.

Ef viðskipti með verðbréf sem skráð yrðu í Kauphöll Íslands í erlendri mynt ættu að fara fram í þeirri mynt yrði verðbréfaskráningin hins vegar að eiga sér stað hjá erlendri verðbréfamiðstöð og greiðsluuppgjörið hjá erlendum uppgjörsbanka/seðlabanka. Skráning og viðskipti með verðbréf í annarri mynt en

íslensku krónunni í Kauphöllinni yrði því fyrst og fremst hindrun/óþægindi fyrir íslenska fjárfesta.

6. Áhrif á lög og reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að sé framfylgt

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálafyrirtæki fari eftir hinum ýmsu lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eftirfylgni í því sambandi er m.a. framkvæmd með reglulegri skýrslusöfnun. Sem dæmi um slíkar skýrslur má nefna:

- a) ársreikning og árshlutareikning,
- b) eigið fé og eiginfjárlutfall,
- c) stórar áhættuskuldbindingar,
- d) fyrirgreiðsla við venslaða aðila,
- e) vanskil.

Við umbreytingu reikningsskila fjármálafyrirtækis yfir í erlenda mynt yrði nauðsynlegt að skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins yrðu áfram í íslenskum krónum til að tryggja samanburð við talnaefni frá öðrum fjármálafyrirtækjum. Fyrst og fremst er um að ræða skýrslur sem sýna stöðutölur á tilteknum tímapunktum. Umreikningur yfir í íslenskar krónur yrði þá á gengi skýrsludagsins. Þegar um er að ræða streymisstærðir, t.d. tölur úr rekstrarreikningi, þyrfti umreikningurinn þó að vera á meðalgengi tímabilsins til að tryggja betur sambærileika við talnaefni frá öðrum fjármálafyrirtækjum sem semja uppgjör í íslenskum krónum.

Fullkominn sambærileiki fæst hins vegar ekki í þessu sambandi enda er hann ekki heldur til staðar í núverandi umhverfi milli annars vegar fjármálafyrirtækja sem eingöngu eru með innlenda liði í sínum efnahag og hins vegar fjármálafyrirtækja sem eru með stóran hluta af efnahag sínum í erlendum liðum.

Í svörum frá norska fjármálaeftirlitinu kemur fram að eftirlitið hefur lagst gegn því að leyft yrði uppgjör fjármálafyrirtækja í annarri mynt en heimamýntinni með þeim rökum að talnaefnið yrði síður sambærilegt milli fjármálafyrirtækja. Sú röksemd virðist byggja á þeim aðstæðum að erlendir liðir eru lítill hluti af efnahag/starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækja. Í svörum frá danska fjármálaeftirlitinu kemur fram að eingöngu sé hægt að skila fjárhagsupplýsingum til eftirlitsins í dönskum krónum þar sem viðkomandi hugbúnaður leyfir ekki annað.

Ekki verður séð að umbreyting reikningsskila einstakra fjármálafyrirtækja yfir í erlenda mynt hafi veruleg vandkvæði í för með sér hvað varðar eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins. Erlendir liðir eru nú þegar verulegur hluti af efnahag/starfsemi stærstu fyrirtækjanna og nú þegar þarf að lesa skýrslur og reikninga með hliðsjón af því. Sambærileiki myndi fást með því að skýrsluskil færu fram í íslenskum krónum.

7. Umfang erlendrar starfsemi banka á Íslandi og í nágrannaríkjum

Umfang erlendrar starfsemi í samstæðum íslensku bankanna þriggja er nú orði umtalsverð. Samkvæmt yfirlitum um landfræðilega skiptingu í ársreikningum bankanna fyrir árið 2006 er hlutdeild rekstrartekna utan Íslands af heild 53% hjá Kaupþingi (63% að undanskildum Exista gengishagnaði), 52% hjá Landsbanka og 33% hjá Glitni. Hlutfall eigna og skulda innan efnahagsreiknings af heildareignum samstæðu í árslok 2006 er eftirfarandi:

Erlendir liðir	Kaupþing	Landsb	Glitnir
Eignir	85%	63%	71%
Skuldir	83%	81%	79%
Meðaltal	84%	72%	75%
Nettóstaða utan efnahags	3%	17%	9%

Enda þótt liðir utan efnahagsreiknings í erlendri mynt geti haft áhrif á ofangreind hlutföll til hækkunar eða lækkunar breytir það ekki þeirri mynd að verulegur hluti af starfsemi bankanna tengist öðrum myntum en íslensku krónunni.

Samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur undir höndum m.v. lok 3. ársfjórðungs 2006 frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð og miðast við niðurstöðutölur útibúa og dótturfélaga stærstu banka í hverju þessara ríkja utan heimalands er umfang þeirrar starfsemi sem er með aðsetur í öðrum norrænum ríkjum en heimalandinu á milli 10 -15% af heildareginum samstæðu í tilviki DnB (Noregur) og SEB og Handelsbanken (Svíþjóð) og innan við 25% í tilviki Danske Bank. Með hliðsjón af upplýsingum sem hægt er að lesa úr nýjustu árshlutauppgjörum þessara banka má ætla að önnur erlend starfsemi hjá viðkomandi bankasamsteypum bæti einungis innan við 10 prósentustigum við ofangreind hlutföll þannig að í heild má ætla að erlend starfsemi sé að hámarki fjórðungur til þriðjungur af heild. Allir umdræddir bankar sýna reikningsskilin í mynt heimalandsins. Einn norrænn banki sker sig úr í þessu sambandi en það er Nordea sem er með höfuðstöðvar í Svíþjóð en birtir reikningsskilin í Evrum. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um starfsemi Nordea má ætla að yfir 80% af starfseminni sé utan Svíþjóðar.

Samkvæmt svari frá norska fjármálaeftirlitinu er hlutfall erlendra eigna af heildareignum banka í Noregi 11% í árslok 2005 (13% í lok sept. 2006). Ekki lágu fyrir upplýsingar um hlutfall tekna sem upprunnar eru utan Noregs.

Samkvæmt svari frá danska fjármálaeftirlitinu er hlutfall erlendra eigna 30% af heildareignum banka í árslok 2005 og 20% af tekjum eru upprunnar erlendis frá og er þá m.v. staðsetningu útibúa.

Samkvæmt svari frá sænska fjármálaeftirlitinu er hlutfall erlendra eigna 43% af heildareignum í árslok 2006 sem var óbreytt frá árslokum 2005. Ekki lágu fyrir upplýsingar um hlutfall tekna sem upprunnar eru utan Svíþjóðar.

Umfang erlendra liða/erlendrar myntar í efnahag íslenskra banka hefur samkvæmt ofangreindu mikla sérstöðu í samanburði við banka í nágrannalöndunum.

8. Gjaldeyrisjöfnuður, eiginfjárstaða og gengi krónunnar

Í þessum kafla verður fjallað um möguleg áhrif þess á gjaldeyrisjöfnuð, eiginfjárstöðu og gengi krónunnar ef íslensku viðskiptabankarnir tækju upp reikningsskil í erlendri mynt. Ljóst er að þetta er flókið umfjöllunarefni og felur í sér marga óvissuþætti og kallar á ítarlega rannsókn. Þó svo að slík rannsókn sé almennt ekki viðfangsefni Fjármálaeftirlitsins verður engu að síður leitast við að draga upp mynd af hugsanlegum áhrifum þessa.

8.1. Reikningsskilabreytingin í samhengi annarra áhrifaþátta

Ef íslensku viðskiptabankarnir tækju upp reikningsskil í erlendri mynt gæti myndast a.m.k. tímabundinn þrýstingur til lækkunar á gengi krónunnar á umbreytingartímanum. Ástæðan er sú að bankarnir þyrftu að kaupa mikið af erlendri mynt fyrir krónur í því skyni að koma á viðeigandi gjaldeyrisjöfnuði miðað við hina nýju uppgjörseiningu.

Erfitt er að meta hversu mikil áhrifin yrðu á gengi krónunnar og hversu langvarandi þau yrðu. Ætla má að skammtímaáhrifin yrðu nokkur en umfang þeirra væri þó háð þróun annarra áhrifaþátta á sama tímabili. Ítarleg rannsókn þyrfti að lágmarki jafnframt að taka tillit til eftirfarandi þátta.

1. Hversu margir bankanna taka upp reikningsskil í erlendri mynt
2. Heildargjaldeyrisjöfnuður eftir umbreytingu (hrein staða í krónum í hlutfalli af eigin fé viðkomandi banka)
3. Tímalengd umbreytingartímabilsins
4. Vaxtamunur milli Íslands og annarra landa og horfur í því sambandi
5. Áhættusækni erlendra fjárfesta m.t.t. hávaxtagjaldmiðla almennt
6. Umfang erlendra fjárfestinga inn í orkugeirann og aðrar atvinnugreinar á umbreytingartímanum
7. Staða viðskiptajafnaðar á umbreytingartímanum og horfur í efnahagslífinu
8. Gjaldeyrisforði

Umbreytingu reikningsskila í erlenda mynt þyrfti að auki að skoða út frá stofnanalegum þáttum sem geta haft áhrif. Þar má nefna heimild Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara og mögulegar breytingar á láns hæfismati í tengslum við slíka umbreytingu.

8.2. Almennt um áhrifin á reikningsskil, gjaldeyrisjöfnuð og eiginfjárstöðu

Í upphafi reikningsskilabreytingar umreiknast efnahagsreikningur úr íslenskum krónum í hina erlendu mynt m.v. gengi í byrjun þess árs. Einstakir liðir efnahagsreiknings og rekstrarreiknings færast þaðan í frá í viðkomandi erlendri mynt. Útgefið hlutfé getur áfram verið skráð í íslenskum krónum, bæði í hlutfélagaskrá og í kauphöll, en í reikningsskilum umreiknast útgefið hlutfé yfir í hina erlendu mynt, rétt eins og aðrir liðir efnahagsreiknings, á upphafsgengi umbreytingarinnar og helst þaðan í frá óbreytt í hinni erlendu mynt.

Eftir umbreytinguna reiknast allar íslenskar eignir og skuldir, svo og framvirkir gjaldeyrissamningar í krónum, inn í gjaldeyrisstöðu bankans. Til þess að halda

gjalddeyrisjöfnuði og gjalddeyrisamsetningu eiginfjárgrunns og áhættugrunns í hæfilegu jafnvægi þarf bankinn að umbreyta eignum sem samsvara stórum hluta af bókfærðu eigin fé úr íslenskum krónum í hina nýju uppgjörsmynt.

Til þess að geta viðhaldið sem stöðugustu eiginfjárlutfalli (CAD-hlutfalli) er meginreglan sú að sem mest samræmi sé í hlutfallslegri myntsamsetningu heildareigna/áhættugrunns annars vegar og eiginfjárgrunns hins vegar.² Ef meginhluti efnahagsreiknings/áhættugrunns fjármálafyrirtækis er í öðrum myntum en íslensku krónunni getur umbreyting reikningsskila yfir í erlenda mynt stuðlað að minni sveiflum í gengishagnaði/-tapi. Þetta byggir á því að ekki verði miklar sveiflur á milli gengis uppgjörsmyntarinnar og annarra mynta, þ.m.t. íslensku krónunnar. Ástæðan er sú að meðan gert er upp í krónum gæti fjármálafyrirtækið þurft að byggja upp umtalsverða opna gjalddeyrisstöðu til þess að geta viðhaldið stöðugu eiginfjárlutfalli en það hefði þá aukaverkun í för með sér að rekstrarafkoma myndi sveiflast meira en áður þegar gengi breyttist enda þótt eiginfjárlutfallið héldist stöðugt.

Á síðustu mánuðum hafa bankarnir byggt upp gjalddeyriseignir umfram gjalddeyrisiskuldir til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum af mögulegri veikingu krónunnar á eiginfjárlutfallið. Með því að mæla og færa bókfært eigið fé í viðeigandi erlendri mynt virðist vera auðveldara fyrir íslensku bankana að stýra óæskilegum áhrifum gengissveiflna á rekstrarafkomu og eiginfjárlutfall þar sem meirihluti efnahagsreiknings/starfseminnar er í öðrum myntum en íslensku krónunni.

Til nánari glöggvunar á þessu er hér skýringardæmi:

Banki, sem gerir reikningsskil sín í íslenskum krónum, er með 75% áhættugrunns í erlendum liðum, víkjandi lán í erlendri mynt 25% af eiginfjárgrunni, gjalddeyrisjöfnuður 0 krónur og 13,3% CAD-hlutfall. Hækki erlendir gjaldmiðlar um 25% (veiking ISK. um 20%) færi CAD- hlutfallið í 11,9%. Viðkomandi banki gæti minnkað áhrif slíkra sveiflna í genginu á eiginfjárlutfallið með því að byggja upp jákvæða stöðu í gjalddeyrisjöfnuði. Gjalddeyrisjöfnuður umfram 30% af eiginfjárgrunni þarfnast sérstaks samþykkis Seðlabanka Íslands. Eftirfarandi yfirlit sýnir hver áhrif framangreindrar gengisbreytingar verður á CAD-eiginfjárlutfall og arðsemi eigin fjár m.v. mismunandi gjalddeyrisvörn á móti bókfærðu eigin fé/eiginfjárgrunni.

² Eiginfjárgrunnur samanstendur af bókfærðu eigin fé að meðtaldri hlutdeild minnihluta og víkjandi lánum en frá dragast tilteknir liðir, s.s. viðskiptavild í erlendri mynt, sem áhrif hafa á útreikninginn á vægi erlendra liða.

Tafla 1: Skýringardæmi: Reikningsskil í krónum m.v. mismikla gjaldeyrisstöðu

Gjaldeyris vörn í % af Bókf.e.fé	Gjaldeyris vörn í % af eiginfjágr.	CAD- hlutfall	25% hækkun erl.gjaldmiðla CAD- Hlutfall	Breyt frá upphafs- stöðu	Arðsemi eigin fjár
0,0%	0,0%	13,3%	11,9%	-1,40%	0%
33,3%	25,0%	12,9%	12,2%	-0,70%	8%
50,0%	37,5%	12,7%	12,3%	-0,37%	13%
66,7%	50,0%	12,5%	12,5%	-0,04%	17%
100,0%	75,0%	12,1%	12,7%	0,58%	25%

Eins og fram kemur í töflunni dregur gjaldeyrisstaða á móti bókfærðu eigin fé í krónum úr sveiflum í eiginfjárlutfallinu þegar gengi breytist en á móti kemur að meiri sveiflur verða í rekstrarafkomunni vegna gengishagnaðar/-taps þegar gengið breytist.

Eins og við er að búast helst CAD-hlutfallið stöðugast í dæminu þegar sem mest samsvörun er á milli vægis erlendra liða í eiginfjárgrunni og áhættugrunni. Það er að segja, minnst breyting á sér stað á CAD-hlutfallinu þegar gjaldeyrisvörnin í hlutfalli af eiginfjárgrunni nemur 50% af eiginfjárgrunni en þegar sú staða er lögð við vægi víkjandi lána (25% af eiginfjárgrunni í forsendum) gefst sama vægi og gefið var að erlendir liðir hefðu í áhættugrunni í forsendum dæmisins (75%).

Niðurstöðurnar í töflunni sýna einnig að afkoma (sett fram í formi arðsemi eigin fjár í töflunni) sveiflast í takt við gjaldeyrisstöðuna, þ.e. þeim mun stærri sem staðan er, þeim mun meiri sveiflur verða í arðsemi þegar gengi gjaldmiðilsins breytist. Ef gert hefði verið ráð fyrir að gengi krónunnar hefði hækkað í stað þess að lækka, hefði arðsemin orðið neikvæð í dæminu.

Athygli er vakin á því að eiginfjárlutfall banka, sem kýs að byggja upp gjaldeyrisstöðu eins og lýst er í dæminu, lækkar við þá aðgerð að öllu öðru óbreyttu vegna þess að augin gjaldeyrisstaða hækkar áhættugrunn.

Eftir umbreytingu reikningsskila yfir í erlenda mynt og að gefinni forsendu um gjaldeyrisjöfnuð, þar sem íslenska krónan er hluti af þeim jöfnuði, yrði CAD-hlutfallið að nýju 13,33% í dæminu hér að ofan. Breyting á gengi íslensku krónunnar hefði áhrif á hlutfallið en í minna mæli eins og fram kemur í töflunni hér að neðan:

Tafla 2: Skýringardæmi: Reikningsskil í erl. mynt m.v. mismikla gjaldeyrisstöðu

Gjaldeyris vörn í % af Bókf.e.fé	Gjaldeyris vörn í % af eiginfjárgr.	CAD- hlutfall	25% hækkun erl.gjaldmiðla CAD- Hlutfall	Breyt frá upphafs- stöðu	Arðsemi eigin fjár
0,0%	0,0%	13,3%	12,4%	-0,93%	0%
33,3%	25,0%	12,9%	12,7%	-0,22%	8%
50,0%	37,5%	12,7%	12,8%	0,12%	13%
66,7%	50,0%	12,5%	12,9%	0,45%	17%
100,0%	75,0%	12,1%	13,2%	1,07%	25%

Í töflu 2 sveiflast arðsemi eigin fjár í takt við gjaldeyrisstöðuna eins og áður en taka verður tillit til þess að minni gjaldeyrisstaða nægir til að viðhalda stöðugu CAD-hlutfalli í þessu dæmi heldur en í hinu fyrra. Í þessu dæmi er allur eiginfjárgrunnurinn í uppgjörsmýnt (erlendri mynt) en 30% af áhættugrunni í krónum (áhættumýnt). Það gefur til kynna að til að halda stöðugu CAD-hlutfalli þurfi bankinn að byggja upp jákvæða stöðu í krónum sem nemur 30% af eiginfjárgrunni. Lesa má út úr töflunni að þegar gjaldeyrisvörnin vegur um 30% af eiginfjárgrunni hætti CAD-hlutfallið að breytast þegar gengi breytist. Í fyrra dæminu þurfti þetta hlutfall að nema 50% svo að CAD-hlutfallið héldist stöðugt sem er sýnilega lakari kostur því þeim mun herra sem hlutfallið er, þeim mun meiri sveiflur verða í arðseminni.

8.3. Gjaldyrisstaða viðskiptabankanna og möguleg gjaldeyriskaupþörf

Jákvæð gjaldyrisstaða viðskiptabankanna hefur verið að aukast undanfarna mánuði. Staðan um síðustu áramót birtist í töflu 3 hér fyrir neðan.

Tafla 3. Gjaldyrisstaða viðskiptabankanna 31.12.06

31.12.2006 ma.kr.	G-Eignir	G-Skuldir	G-staða	%af eigin- fjárgrunni	%af bókf. eigin fé	Eiginfjár- grunnur	Bókfært eigið fé
Bankarnir samtals	6.421	6.232	188,5	20,4%	29,9%	922	630

Í töflu 4 hér að neðan er reynt að meta lauslega hversu miklu í krónum bankarnir þyrftu að verja til kaupa á erlendum gjaldmiðli til að viðhalda stöðugu eiginfjárlutfalli þótt gengi krónunnar breytist. Nálgunin er til þess fallin að skapa samsvörun í myntsamsetningu eiginfjárgrunns við myntsamsetningu áhættugrunns en athuganir markaðsaðila og Fjármálaeftirlitið gefa til kynna að með slíkri samsvörun megi ná fram stöðugra eiginfjárlutfalli.

Tafla 4. Sköpun samsvörunar í myntsamsetningu eiginfjárgrunns og áhættugrunns

31.12.2006 ma.kr.	I Eiginfjár- grunnur	II Vægi ISK í áhættugr.	III = I x II Kjörfjárhæð ISK í í eiginfjárgrunni	IV Víkjandi lán og hybríds	V Bakf. frádr. liðir í eiginfjárrútr. í FX	VI Gjaldyrisstaða 31.12.2006	VII = I-III-IV+V-VI Staða í fx upp að sömu hlutföllum
Bankarnir samtals	922,2	24,3%	220,5	387,6	102,6	188,5	228,1

Forsenda 1: Vægi erl. eigna í áhættugrunni = vægi erl. eigna af efnahagsreikningi

Forsenda 2: Gert er ráð fyrir að allir leiðréttingarliðir séu í erl. mynt

Á grundvelli þeirra útreikninga sem settir eru fram í töflunni hefðu viðskiptabankarnir samanlagt þurft að verja um 230 milljörðum króna til að ná fram fyrrgreindri samsvörun miðað við stöðuna um áramót.


Í útreikningunum er tekið tillit til erlendra hlutdeildar minnihluta í eigin fé sem dregur úr gjaldeyriskaupþörfinni og frádráttar á viðskiptavild í erlendri mynt sem eykur gjaldeyriskaupþörfina. Einnig er tekið tillit til ýmissa annarra leiðréttingarliða. Það skal þó tekið fram að hér er fyrst og fremst um nálgun að ræða.

Aukin erlend gjaldeyrisstaða dregur óhjákvæmilega niður eiginfjárlutfallið að öðru óbreyttu meðan íslenska krónan er uppgjörseining vegna þess að staðan bætist við áhættugrunn.

8.4. Velta á gjaldeyrismarkaði, vaxtamunur og útgáfa erlendra aðila á krónubréfum


Gengisvísitala krónunnar hefur sveiflast mikið frá því að krónan fór á flot um vorið 2001. Á því eru skýringar sem ekki verða raktar hér.

Mynd 1.



Vaxtamunurinn milli Íslands og annarra ríkja hefur verið það mikill undanfarin misseri að óhjákvæmilegt var að erlendir fjárfestar í leit að álitlegum fjárfestingum kæmu auga á skuldbindingar í krónum sem álitlegan kost. Meðal afleiðinga af útgáfu krónubréfa á alþjóðlegum markaði er að velta á innlendum millibankamarkaði með gjaldeyri hefur vaxið til muna samanber mynd 2.

Mynd 2.



Eftir því sem Fjármálaeftirlitið kemst næst er ferlið sem lýtur að útgáfu erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum með eftirfarandi hætti:

1. Fyrirtækið gefur út skuldabréf í íslenskum krónum.
2. Erlendur kaupandi skuldabréfsins þarf að kaupa krónur til að geta fjárfest í skuldabréfinu, þ.e. greitt útgefanda fyrir bréfið. Fjárfestirinn ver ekki stöðu sína að öðru óbreyttu heldur veðjar hann á að gengi krónunnar haldist stöðugra en vaxtamunurinn gefur til kynna.
3. Útgefandinn (fyrirtækið) gerir skuldaskiptasamning (e.swap) við erlent verðbréfafyrirtæki um skipti á höfuðstólum við upphaf og lok; þ.e. lætur frá sér krónur og fær erlenda mynt (evrur) í upphafi og öfugt í lokin, þ.a. staða hans verður í annarri mynt en krónum.
4. Tilkynning um útgáfuna er birt
5. Erlenda verðbréfafyrirtækið gerir samsvarandi skuldaskiptasamning við íslenskan banka til að eyða gjaldeyrisstöðu sinni í krónum. Íslenski bankinn er kominn með krónurnar og jákvæða framvirka stöðu í gjaldeyri og þarf því að:
 - a. Taka erlent lán eða gera mótvirkan afleiðusamning til að verja framvirku erlendu stöðuna (en ef gerður er mótvirkur afleiðusamningur endar einhver annar á því að taka erlenda lánið).
 - b. Fjárfesta krónurnar.

Á yfirstandandi ári munu skuldabréf erlendra útgefenda að andvirði 167 ma. króna koma á gjalddaga samkvæmt áætlun markaðsaðila, þar af um 80 ma. króna. í september. Ennfremur er áætlað að erlendir aðilar hafi fjárfest um 150 ma.krónur í ríkispappírnum og íbúðabréfum og að framvirkar stöður með krónunni hjá

viðskiptavinum bankanna nemi hátt í 500 ma. króna og þar af sé stór hluti vegna alþjóðlegra fjárfesta.

Af framangreindu má auðveldlega draga þá ályktun að krónan gæti veikst nokkuð á skömmum tíma ef erlendir fjárfestar drægju fé sitt alfarið til baka á svipuðum tíma.

9. Niðurstöður

Bankar og önnur félög hér á landi sem hyggjast semja ársreikninga sína í erlendri mynt þurfa til þess sérstaka heimild ársreikningaskrár enda uppfylli þau tiltekin skilyrði um vægi erlendar starfsemi eða tekna af heildarumsvifum. Ákvæði íslenskra laga um þetta efni voru upphaflega sett árið 2002 og áttu sér fyrirmynd í alþjóða reikningsskilastöðlum (IFRS). Frá ársbyrjun 2005 voru ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla innleidd hér á landi. Ákvæði staðlanna, þ.m.t. ákvæði um reikningsskil í erlendri mynt að uppfylltum viðeigandi skilyrðum, hafa gilt um reikningsskil bankanna, sem skráð félög í kauphöll, frá og með árinu 2005 fyrir bæði samstæður og einstök félög.

Í flestum nágrannalandanna gilda ákvæði IFRS staðla um samningu ársreikninga fyrir samstæður félaga. Reglur um ársreikninga í hverju landi fyrir sig (local GAP) gilda hins vegar fyrir ársreikninga einstakra félaga í flestum nágrannalöndunum, en áform eru þó um breytingar í sumum landanna í þá átt að færa viðeigandi ákvæði til samræmis við IFRS staðla. Í Bretlandi, Svíþjóð og Danmörku eru reikningsskil í evrum auk heimamyntar þó heimil í öllum tilvikum.

Staða Íslands er ólík stöðu nágrannalandanna að því að leyti að erlend starfsemi íslenskra banka vegur mun þyngra en erlend starfsemi banka í nágrannaríkjunum. Vægi erlendar starfsemi eða tekna banka í nágrannalöndunum hefur ekki verið með þeim hætti að reynt hafi á þau viðmið sem tilgreind eru í IFRS stöðlum varðandi reikningsskil í erlendri mynt.

Álitamál er hvort viðskiptabankarnir uppfylli skilyrði ársreikningalaga um uppgjörsmýnt með hliðsjón af umfangi erlendar starfsemi þeirra. Fjármálaeftirlitið tekur ekki afstöðu til þess hvort svo sé, enda er slíkt mat falið öðrum stjórnvöldum. Hins vegar er vægi erlendar starfsemi og erlendra liða í efnahag bankanna með þeim hætti að sveiflur á gengi íslensku krónunnar og uppgjörsmýnt hefur áhrif á eiginfjárstöðu og arðsemi eigin fjár.

Misræmi í vægi erlendra liða í eiginfjárgrunni annars vegar og áhættugrunni hins vegar hefur í för með sér sveiflur í eiginfjárlutfalli við breytingar á gengi krónunnar. Fyrir banka sem færir reikningsskil í íslenskum krónum getur verið erfitt að ná samræmi í vægi erlendra liða nema með því að byggja upp jákvæða gjaldeyrisstöðu. Opin gjaldeyrisstaða hefur aftur á móti áhrif á afkomuna við gengisbreytingar. Út frá sjónarhóli einstaks banka með misræmi í vægi erlendra liða samkvæmt framansögðu getur umbreyting reikningsskila yfir í erlenda mynt verið rökrétt með hliðsjón af áhættustýringu.

Útreikningar Fjármálaeftirlitsins miðað við stöðuna í árslok 2006 gefa til kynna að til að ná jafnvægi í vægi erlendra liða í eiginfjárgrunni annars vegar og áhættugrunni hins vegar hefðu þrír stærstu viðskiptabankarnir þurft að auka jákvæða gjaldeyrisstöðu sína um 230 ma. króna. Frá áramótum hefur gjaldeyrisstaða þeirra aukist nokkuð og þörfin fyrir frekari kaup minnkað.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálafyrirtæki fari eftir hinum ýmsu lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eftirfylgni í því sambandi er m.a.

framkvæmd með reglulegri skýrslusöfnun. Við umbreytingu reikningsskila fjármálafyrirtækis yfir í erlenda mynt yrði nauðsynlegt að skýrsluskil til eftirlitsins yrðu áfram í íslenskum krónum til að tryggja samanburð við talnaefni frá öðrum fjármálafyrirtækjum. Fyrst og fremst er um að ræða skýrslur sem sýna stöðutölur á tilteknum tímapunktum. Umreikningur yfir í íslenskar krónur yrði þá á gengi skýrsludagsins. Þegar um er að ræða streymisstærðir, t.d. tölur úr rekstrarreikningi, þyrfti umreikningurinn þó að vera á meðalgengi tímabilsins til að tryggja betur sambærileika við talnaefni frá öðrum fjármálafyrirtækjum sem semja uppgjör í íslenskum krónum. Ekki verður séð að umbreyting reikningsskila einstakra fjármálafyrirtækja yfir í erlenda mynt hafi veruleg vandkvæði í för með sér hvað varðar eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins.

Sé litið til gengis krónunnar, þá eru fjölmargir þættir sem áhrif hafa. Ef allir bankarnir myndu breyta reikningsskilum sínum yfir í erlenda mynt (eða byggja upp “kjörstöðu” með jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði) á sama tíma og umbreytingaskeiðið stæði stutt yfir myndi slíkt eflaust hafa skammtímaáhrif til lækkunar á gengi krónunnar. Hversu mikið og hversu lengi færi eftir öðrum aðstæðum, sbr. kafli 8.1. Ef gjaldeyrisuppbyggingin ætti sér stað yfir nokkurt tímabil og bankarnir færu ekki samtímis þessa leið má vænta þess, að gefnu því að aðrir þættir væru stöðugir, að áhrifin á gengi krónunnar yrðu ekki veruleg.

Að síðustu er rétt að taka fram að umfjöllunarefnið er flókið og margir óvissuþættir, auk þess sem efnahagsleg og pólitísk sjónarmið skipta máli. Í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur um reikningsskil fjármálafyrirtækja í erlendri mynt, áhuga skráðra fyrirtækja á að skrá hlutafé í erlendri mynt og hugsanlegri skráningu og viðskiptum með hlutabréf innlendra félaga í erlendri mynt er það álit Fjármálaeftirlitsins að æskilegt væri að skoða viðeigandi löggjöf á heildstæðan hátt. Í slíkri skoðun mætti meta þjóðhagsleg áhrif ofangreinds og taka afstöðu til mögulegra lagabreytinga með tilliti til þeirrar breytinga sem orðið hafa á íslensku viðskiptalífi á síðustu 5-10 árum.

Identification of the functional currency³

The functional currency is the currency of the primary economic environment in which the entity operates [IAS21R.8]. The primary economic environment in which an entity operates is normally the one in which it primarily generates and expends cash. An entity's management considers the following factors in determining its functional currency [IAS21R.9]:

- a) The currency that dominates the determination of the sales prices; and
- b) The currency that most influences operating costs.

The currency that dominates the determination of sales prices will normally be the currency in which the sales prices for goods and services are denominated and settled. It will also normally be the currency of the country whose competitive forces and regulations have the greatest impact on sales prices. The currency that most influences operating costs will often be the currency in which such costs are denominated and settled. The emphasis is, however, on the currency of the economy that determines the pricing of transactions, as opposed to the currency in which transactions are denominated, if these are different [IAS21R.IN7] [IAS21R.9].

Factors other than the dominant currency for sales prices and operating costs are also considered when identifying the functional currency. The currency in which an entity's finances are denominated are also considered [IAS21R.10]. The focus is on the currency in which funds from financing activities are generated and the currency in which receipts from operating activities are retained. Financing activities include issuing debt and equity instruments.

Additional factors are considered in determining the functional currency of a foreign operation and whether its functional currency is the same as that of the reporting entity. These include considerations of the autonomy of a foreign operation from the reporting entity and the level of transactions between the two. Consideration is also given to whether the foreign operation generates sufficient cash flows to meet its cash needs and whether the cash flows of the foreign operation directly affect those of the reporting entity [IAS21R.11].

When the above indicators are mixed and the functional currency is not obvious management uses its judgement to determine the functional currency that most faithfully represents the economic effects of the underlying transactions, events and conditions. Management gives priority to the currency most affecting sales prices and operating costs before considering the currency most relevant to the financing of an entity and the degree of autonomy and independence. The latter factors are designed to provide additional supporting evidence in determining an entity's functional currency [IAS21R.12].

³ <http://www.pwc.com/extweb/service.nsf/docid/6757E4028F12352885257131003EEE94>